

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á Minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til styrktar stúdentum í verkfræði- og raunvísindanámi, nr. 701/2021.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Markmið sjóðsins er að styrkja stúdenta með góða námshæfileika sem einkum leggja stund á verkfræði- og raunvísindanám.

9. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðs sem greint er frá í 2. gr. hér að ofan eða skylds markmiðs.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til styrktar stúdentum í verkfræði- og raunvísindanámi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 13. mars 2025,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 28. mars 2025